

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 22. mars 2019

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um stimpilgjald (kaup einstaklings á íbúðarhúsnæði), 88. mál.

Vísað er til erindis frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, dagsett 11. mars 2019

Neytendasamtökin ítreka fyrri afstöðu sína en samtökin hafa lengi verið andvíg stimpilgjaldi vegna kaupa einstaklinga á íbúðarhúsnæði og gildir þá einu hvort um sé að ræða fyrstu kaup eða ekki. Þegar frumvörp vegna afnáms stimpilgjalds hafa verið lögð fyrir Alþingi á undanförunum árum hafa umsagnir samtakanna ætíð verið á sömu lund. Samtökin fagna því frumvarpi sem hér um ræðir og lýsa sig fylgjandi því að frumvarpið verði samþykkt sem lög.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Breki Karlsson', is written over a horizontal line.

Breki Karlsson,
formaður Neytendasamtakanna